



Alþingi
Nefndasvið b.t. Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23.5.2018.

Efni: Umsögn um Þingskjal 936 – 581. mál á 148. Löggjafarþingi: Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum (upprunatengdir ostar, móðurmjólk).

SAM telja að með fyrstu lagagrein frumvarpsins sé lagt til að víkja hagsmunum Íslands til hliðar með því að hverfa einhliða frá ákvæðum samnings Íslands og Evrópusambandsins. SAM hvetja til þess að greinin verði ekki samþykkt.

Tollasamningur Íslands og Evrópusambandsins frá september 2015 hefur þegar verið staðfestur af Íslandi. Samkvæmt samningnum mun tollfrjáls innflutningur osta aukast um 510 tonn þegar samningurinn er að fullu kominn til framkvæmda. Sá innflutningur samsvarar um 8,3% af stærð íslensk ostamarkaðar í magni og um 10,9% í verðmætum. Samkvæmt mati á áhrifum samningsins er talið að tekjutap innlendra mjólkurvara vegna samningsins verði á bilinu 1.200 – 1.600 milljónir króna á hverju ári eftir að áhrifin koma í ljós af fullum þunga.

SAM telja nauðsynlegt að ákvæði tollasamningsins um fjögurra ára aðlögun að aukningu tollkvóta verði nýtt til að veita íslenskum bændum og mjólkuriðnaði tækifæri til að bregðast við auknum innflutningi.

Um áratugi hefur algengasti íslenski osturinn verið seldur undir vöruheitinu „Gouda“ og gamli „Brauðosturinn“ á ættir að rekja til hollenska Edam-ostsins (Heimild: Handbók um íslenska osta; Osta- og smjörsalan sf 1991). Verðlagning Gouda-osta er bundin samkvæmt ákvörðunum Verðlagsnefndar búvöru, en aðrir ostar sem undanþegni eru ákvörðunum Verðlagsnefndar búvöru, hafa lengi gengið undir samheitinu „sérostar.“ SAM vilja benda á að meðal upprunatengdra osta í vörulið 0406 (PDO og PGI) eru bæði Gouda- og Edam-ostar (dæmi er efst á blaðsíðu 37 í samningi Íslands og ESB; sjá tengil: <https://www.stjornarradid.is/media/utanrikisradunevti-media/media/esb/Samningur-um-tolla-a-landbunadarvorum-ESB-IS.pdf>).

Með tollasamningnum er þess vegna ekki eingöngu opnað á tollfrjálsan innflutning einstaka óvenjulega erlenda osta sem ekki eru í beinni samkeppni við íslenska ostaframleiðslu, samningurinn opnar á tollfrjálsan innflutning osta af sömu tegund og algengustu verðlagsbundnu íslensku ostarnir. SAM telja að innflutningur á tollfrjálsum osti í beinni samkeppni við verðlagbundna vöru skapi aðstæður sem bregðast verði við og þess vegna sé nauðsynlegt sé að auka innflutning í umsömdum skrefum í samræmi við tollasamning Íslands og ESB.

f.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf



Bjarni R. Brynjólfsson

skrifstofustjóri SAM